



## Formannafundur faghópa Rammaáætlunar

6. fundur, miðvikudaginn 30. sept. kl. 18:00 á Orkustofnun<sup>1</sup>,

**Mætt:** Svanfríður Jónasdóttir, Anna G. Sverrisdóttir, Guðni A. Jóhannesson, Kjartan Ólafsson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð. Einnig sat fundinn Sveinbjörn Björnsson.

Forföll:

### Fundarfrásögn

1. **Fundarefni** var hugsanleg grisjun virkjunarkosta til að spara vinnu og vinna tíma, störf og skil faghópa og lokaskil verkefnisstjórnar.
2. **Grisjun virkjunarkosta.** Hugmyndir að grisjun – fækkun – virkjunarkosta eru til komnar til að vinna tíma og koma til móts við gagnrýni faghópa á þröngan tímaramma.. Lagt var fram minnisblað þar sem útlistaðar voru tillögur Sveinbjörns Björnssonar og faghóps 4 um mögulega grisjun virkjunarkosta. (Sjá vinnusvæði verkefnisstjórnar með þessari fundargerð á heimasíðu). Á fundinum kom fram samstaða um að mikilvægt væri að meta sem allra flesta virkjunarkosti og svæði sem lægju fyrir. Ef fækkun væri nauðsynleg kom eftirfarandi fram:
  - a. Í forgangsröð faghóps 4 voru fimm vatnsafskostir og sex háhitakostir taldir vera komnir það langt í formlegu ferli að niðurstöður rammaáætlunar myndu engin áhrif hafa á framgang þeirra. Fram komu verulegar efasemdir gagnvart nokkrum kostanna, sérstaklega Norðlingaölduveitu og Bitru. Guðni taldi rétt að taka fyrst flokk 2 (kostir þar sem framkvæmdir gætu hafist innan 5 ára) en síðan flokk 1.
  - b. Anna Sverrisdóttir lagði f.h. faghóps 2 fram bókun þar sem sagði m.a. að kæmi til grisjunar virkjunarkosta hefði hópurnir „nú þegar ... komist að þeirri niðurstöðu að virði eftirfarandi [átta] svæða er það mikið fyrir útivist og ferðapjónustu að þar skuli ekki virkjað. Ljóst er að ekki er um tæmandi lista þar sem vinnan er skammt á veg komin og má búast við að fleiri svæði bætist við á síðari stigum.“ (Sjá bókunina á vinnusvæði verkefnisstjórnar með þessari fundargerð á heimasíðu).
  - c. Þóra nefndi þá nálgun á fækkun kosta að taka út verðmætustu svæðin og setja beint í verndarflokk eða að meta aðeins háhitasvæðin í þessum áfanga.

Niðurstaða umræðunnar var að stefnt skyldi að því að meta alla þá kosti og svæði sem fyrir liggja.

3. **Faghópar.** Í umræðum um starf faghópa var helst rætt um tiltæk gögn, samvinnu faghópa og tímamörk á skilum. Það helsta sem fram kom var:
  - a. Í matsvinnunni þarf sjónarhorn hvers faghóps að vera þröngt út frá þeim hagsmunum sem matið tekur mið af.
  - b. Sveinbjörn varpaði fram spurningu um hvað það væri sem réði röðun kosta og svæða. „Hvort er betra að skemma tvö svæði lítið eða eitt svæði mikið og láta annað

í friði?“ Þóra Ellen benti á að þegar náttúrufarar er metið getur náttúruverðmæti haft gildi í sjálfu sér, óháð öðrum þáttum.

- c. Þóra Ellen upplýsti í framhaldi af fundi hennar með forráðamönnum Náttúrufræðistofnunar að faghópar fengu í hendur drög að lokaskýrslum um háhitasvæði og fleiri nauðsynlegar upplýsingar þann 10. október. Um sama leiti er von á loka upplýsingum frá Matís.
- d. Lögð var áhersla á að mikilvægt væri að undirgögn matsvinnunnar muni liggja fyrir til að tryggja gagnsæi matferilsins.
- e. Fram komu áform um sameiginlega fundi faghóps 3 með faghópi 2 og síðar með faghópi 4.
- f. Rætt var um hvort raunhæft væri að stefna að því að tengja saman niðurstöður faghópa 3 og 4. Faghópur 4 mun fyrst og fremst byggja á hagkvæmnimati virkjunarkosta þar sem gerð verður grein fyrir helstu óvissuþáttum.
- g. Samþykkt var að allir hópar muni skila niðurstöðum fyrir jól nema faghópur 1 fær frest fram í janúar.

4. **Mat og skil verkefnisstjórnar.** Svanfríður rifjaði upp erindisbréf stjórnvalda til verkefnisstjórnar og útlistaði áformaða formlega stöðu rammaáætlunar. Lagafrumvarp væri í burðarliðnum sem miðaðist við síðari tengingu niðurstöðu verkefnisstjórnar í formi þingsályktunartillögu. Enn er miðað við þrjá flokka - Verndarflokk, Biðflokk (sem talið er betra heiti en Rannsóknarflokkur) og Nýtingarflokk, en innan hvers flokks verður virkjunarkostum raðað í forgangs röð. Ekki er lengur stefnt að formlegum skilum með skýrslu (nema þá helst í rafrænu formi) heldur yrðu skil í formi greinargerðar með þingsályktuninni. Að öllum líkindum verður það í höndum verkefnisstjórnar að taka forystu um í hvaða formi niðurstöðunum verður skilað þar sem ríkisstjórnin hefur öðrum hnöppum að hneppa. Starfið verður að mestu í höndum formannahópsins er vinna muni tillögu að niðurstöðum sem lögð verður fyrir verkefnisstjórn. Fram kom rík áhersla á nauðsyn þess að niðurstöður verði rækilega kynntar fyrir almenningi.
-